# Öryggisáætlun Ferðafélags Akureyrar

## Ferðir

## *1. Þáttur:* Fararstjórn

| **Kröfur til fararstjóra** | **Þættir á ábyrgð FFA**<br>**Ábyrgð bera stjórn FFA, formaður ferðanefndar og skrifstofa** |
|---|---|
| **Erfiðleikastig ferðar: 1 skór**<br>• Fararstjóri þarf að hafa reynslu af fararstjórn<br>• Fararstjóri þarf að hafa staðþekkingu á umhverfi og örnefnum á þeim slóðum sem farið verður um<br>• Fararstjóri þarf að kunna grunnatriði í skyndihjálp til að takast á hendur ferð af þessari tegund | FFA veitir fararstjóra nauðsynlegar upplýsingar um viðkomandi ferð bæði við undirbúning hennar og áður en ferð er farin.<br>FFA gengur úr skugga um reynslu og þekkingu viðkomandi fararstjóra á eftirfarandi:<br>• Fararstjórn<br>• Staðþekkingu á slóðum ferðarinnar<br>• Grunnatriðum í skyndihjálp<br>Hvernig/hvenær:<br>• Þegar fararstjóri er fenginn til verksins<br>• Tryggir fararstjóra grunnnámskeið í skyndihjálp<br>Afhendir fararstjóra upplýsingablaðið „Nokkur ráð til fararstjóra“<br>FFA tryggir fararstjóra á meðan á ferð stendur samkvæmt vátryggingarskilmálum númer: SÞ20 hjá VÍS (slysatrygging launþega) hjá VÍS. FFA tryggir ekki búnað, farangur eða annað sem fararstjórar eru með. |
| **Erfiðleikastig ferðar: 2 skór**<br>• Fararstjóri þarf að hafa reynslu af fararstjórn, vera vanur gönguferðum og vera í nokkuð góðri þjálfun<br>• Fararstjóri þarf að hafa staðþekkingu á umhverfi og örnefnum á þeim slóðum sem farið verður um<br>• Fararstjóri þarf að geta lesið vel af kortum og notað áttavita eða GPS tæki/síma og tekur viðeigandi gögn með í ferðina<br>• Æskilegt er að fararstjóri hafi lokið námskeiði í rötun<br>• Fararstjóri þarf að hafa lokið grunnnámskeiði í skyndihjálp<br>• Fararstjóri ákveður í samráði við skrifstofu hvort tilkynna þurfi ferðina á Safetravel og gerir það ef hann telur þörf á | FFA veitir fararstjóra nauðsynlegar upplýsingar um viðkomandi ferð bæði við undirbúning hennar og áður en ferð er farin.<br>FFA gengur úr skugga um reynslu, þekkingu og færni viðkomandi fararstjóra í eftirfarandi:<br>• Fararstjórn<br>• Staðþekkingu á slóðum ferðarinnar<br>• Rötun<br>• Grunnatriðum í skyndihjálp<br>Hvernig/hvenær:<br>• Þegar fararstjóri er fenginn til verksins<br>• Tryggir fararstjóra grunnnámskeið í skyndihjálp og rötun<br>• Aðstoðar fararstjóra við að tilkynna ferðina á Safetravel ef þörf er á<br>Afhendir fararstjóra upplýsingablaðið „Nokkur ráð til fararstjóra“<br>FFA tryggir fararstjóra á meðan á ferð stendur samkvæmt vátryggingarskilmálum númer: SÞ20 hjá VÍS (slysatrygging launþega) hjá VÍS. FFA tryggir ekki búnað, farangur eða annað sem fararstjórar eru með. |

<table>
<tr><th>Kröfur til fararstjóra</th><th>Þættir á ábyrgð FFA<br>Ábyrgð bera stjórn FFA, formaður ferðanefndar og skrifstofa</th></tr>
<tr><td>Erfiðleikastig ferðar: 3 skór
<ul>
<li>Fararstjóri þarf að hafa reynslu af fararstjórn, vera vanur gönguferðum utan slóða, vera í góðri þjálfun og þekkja vel aðstæður, áskoranir og mögulegar hættur á fyrirhugaðri leið</li>
<li>Fararstjóri þarf að hafa staðþekkingu á umhverfi og örnefnum á þeim slóðum sem farið verður um</li>
<li>Fararstjóri þarf að hafa góða færni /hafa lokið grunnnámskeiði í rötun</li>
<li>Fararstjóri þarf að geta lesið vel af kortum og notað áttavita eða GPS tæki/síma og tekur viðeigandi gögn með í ferðina</li>
<li>Fararstjóri þarf að kunna á tæki til fjarskipta (ef ekki er GSM og tekur það með í ferðina sem þarf)</li>
<li>Fararstjóri þarf að hafa góða færni í skyndihjálp og hafa lokið grunnnámskeiði</li>
<li>Fararstjóri ákveður í samráði við skrifstofu hvort tilkynna þurfi ferðina á Safetravel og gerir það ef hann telur þörf á</li>
</ul></td>
<td>FFA veitir fararstjóra nauðsynlegar upplýsingar um viðkomandi ferð bæði við undirbúning hennar og áður en ferð er farin.<br>FFA gengur úr skugga um reynslu, þekkingu og færni viðkomandi fararstjóra á eftirfarandi:
<ul>
<li>Fararstjórn</li>
<li>Staðþekkingu á slóðum ferðarinnar</li>
<li>Rötun</li>
<li>Grunnatriðum í skyndihjálp</li>
</ul>
Hvernig/hvenær:
<ul>
<li>Þegar fararstjóri er fenginn til verksins</li>
<li>Tryggir fararstjóra grunnnámskeið í skyndihjálp og rötun</li>
<li>Aðstoðar hann við að tilkynna ferðina á Safetravel ef þörf er á</li>
</ul>
Afhendir fararstjóra upplýsingablaðið „Nokkur ráð til fararstjóra“<br>FFA tryggir fararstjóra á meðan á ferð stendur samkvæmt vátryggingarskilmálum númer: SÞ20 hjá VÍS (slysatrygging launþega) hjá VÍS. FFA tryggir ekki búnað, farangur eða annað sem fararstjórar eru með.</td></tr>
<tr><td>Erfiðleikastig ferðar: 4 skór
<ul>
<li>Fararstjóri þarf að hafa reynslu af fararstjórn, vera vanur gönguferðum utan slóða, í mjög góðri þjálfun og þekkja vel aðstæður, áskoranir og mögulegar hættur á fyrirhugaðri leið</li>
<li>Fararstjóri þarf að hafa staðþekkingu á umhverfi og örnefnum á þeim slóðum sem farið verður um</li>
<li>Fararstjóri þarf að hafa mjög góða færni í rötun/hafa lokið grunnnámskeiði í rötun</li>
<li>Fararstjóri þarf að geta lesið vel af kortum og notað áttavita eða GPS tæki/síma og tekur viðeigandi gögn með í ferðina sem þarf</li>
<li>Fararstjóri þarf að kunna á tæki til fjarskipta (ef ekki er GSM-samband og tekur það með í ferðina sem þarf</li>
<li>Fararstjóri þarf að hafa góða færni í skyndihjálp og hafa lokið grunnnámskeiði</li>
</ul></td>
<td>FFA veitir fararstjóra nauðsynlegar upplýsingar um viðkomandi ferð bæði við undirbúning hennar og áður en ferð er farin.<br>FFA gengur úr skugga um reynslu og þekkingu viðkomandi fararstjóra á eftirfarandi:
<ul>
<li>Fararstjórn</li>
<li>Staðþekkingu á slóðum ferðarinnar</li>
<li>rötun</li>
<li>Grunnatriðum í skyndihjálp</li>
</ul>
Hvernig/hvenær:
<ul>
<li>Þegar fararstjóri er fenginn til verksins</li>
<li>Tryggir fararstjóra grunnnámskeið í skyndihjálp og rötun</li>
<li>Aðstoðar hann við að tilkynna ferðina inn á Safetravel</li>
</ul>
Afhendir fararstjóra upplýsingablaðið „Nokkur ráð til fararstjóra“<br>FFA tryggir fararstjóra á meðan á ferð stendur samkvæmt vátryggingarskilmálum númer: SÞ20 hjá VÍS (slysatrygging launþega) hjá VÍS. FFA tryggir ekki búnað, farangur eða annað sem fararstjórar eru með.</td></tr>
</table>

| **Kröfur til fararstjóra** | **Þættir á ábyrgð FFA**<br>**Ábyrgð bera stjórn FFA, formaður ferðanefndar og skrifstofa** |
|---|---|
| • Fararstjóri ákveður í samráði við skrifstofu hvort tilkynna þurfi ferðina á Safetravel og gerir það ef hann telur þörf á | |
| Gögn sem fararstjóri fær hjá FFA | FFA veitir fararstjórum eftirfarandi:<br>• Upplýsingablaðið: „Nokkur ráð til fararstjóra“<br>• Þátttakendalisti með símanúmerum þeirra (og aðstandenda)<br>• Neyðarnúmer FFA<br>• Vesti og sjúkratösku<br>• Í flestar ferðir er hleðslubanki fyrir síma tekinn með |

Í lista sem fararstjóri fær „Atriði sem þarf að hafa í huga við dagsferð hjá FFA“ eru mikilvægustu atriðin tilgreind sem fararstjóri þarf að vita varðandi ferðir almennt á vegum FFA, t.d. hvað á fararstjóri að gera ef þátttakandi þarf að snúa við, neyðarnúmer hjá FFA o.fl.